

Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2017-2018

Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Lindaskóla.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
<p>Einelti (N2.5)</p> <p>5,2 (landið 5,1). Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Mér fannst að einhver væri að baktala mig, (2) Ég var beittur ofbeldi, (3) Ég var skilin(n) útundan, (4) Einhver sagði eitthvað særandi við mig, (5) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig og (6) Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.</p> <p>Tíðni eineltis (N2.6)</p> <p>8,2 % nemenda, 20 nemendur (landið 11,7%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum 1 sinni eða oftar á síðustu 30 dögum, 5,3% (13 nemendur) einu sinni og 2,4% (6 nemendur) 2-3 sinnum.</p>	<p>Allir starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans.</p> <p>Einelti þarf að vera í stöðugri skoðun og eftirfylgni.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>	<p>Starfsmenn og forráðmenn / skólastjórnendur</p>
	<p>Fræðsla til nemenda um alvarleika alls eineltis, ekki síst neteineltis á tímum örra tæknibreytinga og með tilkomu spjaldtölva.</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Kennarar / skólastjórnendur</p>
	<p>Kennarar skrái hjá sér samskiptamál sem upp koma og aðgerðir.</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Kennarar og annað starfsfólk / skólastjórnendur</p>
	<p>Koma upp útileikfangakassa í hverja bekkjarstofu með boltum, snúsnúböndum og sippuböndum sem hvetja til hópleikja. Merkja leikföngin bekkjum sem svo bera ábyrgð á þeim.</p>	<p>Janúar 2018 og uppfæra síðan alltaf fyrir skólabyrjun á haustin</p>	<p>Ritari og húsvörður / skólastjórnendur</p>

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
<p>Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (F2.5)</p> <p>89,4% foreldra telja að barninu sínu líði vel eða mjög vel í frímínútum (landið 90,8)</p>	<p>Skólalóðinni er nú skipt upp í þrjú gæslusvæði.</p> <p>Ef það vantar starfsfólk á eitthvað svæðið vegna forfalla er mikilvægt að starfsfólk færi sig til á milli svæða. Samábyrgð allra að fylgjast vel með öllum nemendum skólans.</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Gæslustarfsfólk / skólastjórnendur</p>
	<p>Halda áfram með skólavinaverkefnið í 1. og 6. bekk. Það gengur m.a. út á það að nemendur í 6. bekk aðstoða yngri nemendur í útivist. Samábyrgð-samhjálp.</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Umsjónarkennarar í 1. og 6. bekk / skólastjórnendur</p>

Nám og kennsla - heimanám

Markmið: Að veita nemendum nám og kennslu við hæfi og að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
<p>Ánægja af lestri (N1.1) 4,7 (landið 4,8)</p> <p>Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) Ég les bara þegar ég verð að gera það, (2) Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum, (3) Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra, (4) Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf, (5) Lestur er tímasóun fyrir mig og (6) Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafni.</p>	Fylgja lestrarstefnu skólans.	Allt skólaárið	Kennarar og skólastjórnendur
	Yndislestur í skólanum – nemendur lesi sér til ánægju.		
	Kennarar lesi fyrir nemendur í nestistímum.		
	Þátttaka í upplestrarkeppnum.		
	Kynningar frá rithöfundum.		
<p>Vilji nemenda að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (F5.3) 4,1* (landið 4,4)</p> <p>Eftirfarandi spurningar mynduðu matsþátt: (1) ... fylgjast með heimanámi sínu, (2) Mæta á viðburð í skólanum og (3) ...tala við kennarann sinn.</p> <p>Marktækur munur (-0,3*), þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.</p>	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.	Janúar – febrúar 2018	Skólastjórnendur
	Umsjónarkennarar hvetji nemendur til að leita til foreldra varðandi heimanám.	Allt skólaárið	Kennarar og skólastjórnendur / skólastjórnendur
	Hvetja foreldra til þátttöku í námi barna sinna.		

Foreldrasamstarf

Markmið: Öflugt samstarf heimila og skóla

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (F4.1) 4,6* í Lindaskóla (landið 5,0) Marktækur munur (-0,4*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali.	Kennarar upplýsi foreldra reglulega um það sem er að gerast í skólanum.	Allt skólaárið	Stjórnendur og kennarar
	Foreldraheimsóknir. Þjóða foreldrum t.d. á kynningar hjá nemendum eða í heimsóknir í kennslustundir. Sniðið að aldri nemenda.		
	Umsjónarkennarar/kennarar hvetji reglulega foreldra að fylgjast með heimanámi barna sinna.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar / skólastjórnendur
	Stjórnendur hitti stjórn foreldrafélagsins til að rýna í niðurstöðurnar.	Janúar – febrúar 2018	Sjálfsmatsteymi / skólastjórnendur

Tómstundapjónusta / frístundaheimili

Markmið: Að dægradvöl Lindaskóla sé eftirsótt og þar fari fram góð og ánægjuleg starfsemi

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Ánægja með tómstundapjónustu/frístundaheimili (F3.2) 4,7 (landið 4,8)	Hafa gott skipulag í dægradvöl fyrir börnin.	Allt skólaárið	Starfsmenn dægradvalar / skólastjórnendur
	Vera samstíga til að öllum líði vel og gera sitt besta miðað við aðstæður.		
	Huga að aðstöðunni fyrir starfseminu, s.s. að þemaskipta svæðum, svampdýnur undir kaplakubba og sérstakt leikmiðað rými.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar / skólastjórnendur
	Kennarar með tómstundanámskeið í dægradvölinni.	Allt skólaárið	Skólastjórnendur